

Umsögn um mál nr. 245/2023 - Frumvarp til laga um sjávarútveg sem kynnt er í Samráðsgátt stjórnvalda.

Inngangur

Í upphafi er rétt að geta þess að ég sat nokkra fundi samráðsnefndar verkefnisins *Auðlindarinnar okkar* á vegum Flokks fólksins. Frumvarpsdrög sem eru hér til umsagnar eru sögð byggja á umræddri vinnu, en yfirlýst markmið starfsins var að koma með tillögur um breytingar á stjórn fiskveiða með það að markmiði að þjóðin yrði sáttari við kvótakerfið sem sært hefur réttlætiskennd þjóðarinnar. Í stuttu máli, þá sjást engin merki þess í frumvarpinu að verið sé að stíga skref til sátta en þau hljóta að miða að því að tryggja jafnræði í aðgengi að nýtingu auðlindarinnar, allt í senn til veiða, vinnslu og verðmætasköpunar á fiskafurðum. Ef frumvarpið verður samþykkt mun það augljóslega leiða til þess að þjóðin verði af gríðarlegum verðmætum sem og leiða til fákeppni og hnignunar greinarinnar.

Það sem var verulega ámælisvert við vinnu *Auðlindarinnar okkar* var að athugasemdum og rökstuddri gagnrýni á forsendur og fullyrðingar var ekki svarað efnislega. Má þar nefna veikar og vistfræðilega rangar forsendur núverandi fiskveiðiráðgjafar sem úthlutun aflaheimilda byggir á og rökstuðning fyrir ítrekuðum fullyrðingum um að íslenska kerfið sé hið allra besta í heimi. Óskaði ég t.d. sérstaklega í þessu samhengi eftir upplýsingum um á hvaða samanburði matvælaráðuneytið byggði fullyrðingu sína um að Ísland væri eina landið innan OECD sem skilaði ríkissjóði jákvæðri afkomu. Þar varð fátt um svör þrátt fyrir ítrekaðan eftirrekstur önnur en þau að vísa í einn af höfundum kvótakerfisins sem iðulega hefur rangt fyrir sér um afrakstur og kosti núverandi kerfis. Eftir stóð að engin gögn lágu til grundvallar frasakenndum fullyrðingum, sem vekur furðu og hlýtur að draga verulega úr trúverðugleika matvælaráðherra.

Ef farið er yfir frumvarpsdrög matvælaráðherra liggur skýrt fyrir að frumvarpið byggir í engu á stefnuskrá Vg í sjávarútvegsmálum eða vilja þjóðarinnar til breytinga á kerfinu. Ekki er heldur að sjá að nokkuð tillit hafi verið tekið til dóms Hæstréttar nr. 145/1998 eða bindandi álitni mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna í máli Erlings Sveins Haraldssonar og Arnar Snævars Sveinssonar. Frumvarpið gengur hreinlega þvert gegn fyrrgreindum þáttum, m.a. með því að þrengja að strandveiðum, en þar segir að felld verði á brott heimild strandveiðiskipa til að landa ufsa án þess að það teljist til þess skammts sem skipunum er heimilt að landa af þorski í hverri veiðiferð og síðan eigi að draga úr byggðasjónarmiðum við stjórn veiða. Á sama tíma og þrengt er að hinum smáu í greininni eru reglur fyrir örfá stórfyrirtæki rýmkaðar, m.a. til aukinnar samþjöppunar.

Athugasemdir við einstaka þætti í frumvarpsins

- A) Í II. kafla frumvarpsdraganna, í 6., 7. og 8. gr., er miðað að því að þrengja mjög að svigrúmi ráðherra til þess að taka sjálfstæða ákvörðun um nýtingu fiskstofna frá gildandi lögum, með miklu málskrúði um m.a. að taka eigi mið af vistkerfisnálgun, aðlögunarstjórnun, þekkingu á vistkerfum og varúðarnálgun. Fyrir utan það hve óljós

framangreind hugtök eru blasir við að sú ráðgjöf sem Hafró hefur veitt hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Til dæmis:

- a) er botnfiskafli mun minni en lagt var upp með,
- b) er nýliðun þorsks mun minni en forsendur gengu út frá,
- c) eru dæmi um að mörg hundruð þúsund tonna lækkun hafi orðið á mati á stofnstærð þorsks á milli ára á síðustu árum,
- d) hefur makrílstofninn farið vaxandi þrátt fyrir að veitt hafi verið umfram „ráðgjöf“,
- e) er óhætt að fullyrða að loðnumælingar séu mikilli óvissu háðar. Það sem er óljósara er hvort veiðarnar hafi áhrif eða þá að Hafró hafi reynt að skýra það samband með nokkrum hætti.

Í ljósi framangreinds er það rökleysa að ætla að binda nýtingu nytjastofna í báða skó við reiknisfiskifræðilega ráðgjöf Hafró sem stenst ekki grundvallarvistfræðileg lögmál.

- B) Í III. kafla er fjallað um vísindalegar rannsóknir. Kaflinn er í stuttu máli óvísindalegur en í 11. gr. er rannsóknnum aðila sem starfa utan Hafró ekki fagnað heldur þær heimilaðar að fenginni umsögn Hafró. Ákvæðið felur í sér að vísindamenn sem starfa utan Hafransóknastofnunar, t.d. á vegum einkaaðila, háskóla eða vísindastofnana, eigi að lúta sérstöku eftirliti Hafransóknastofnunar, hafa eftirlitsmann yfir sér og upplýsa Hafró um framgang rannsókna! Vísindi ganga óvart út á gagnrýna hugsun og flæði hugmynda en alls ekki skoðana- og tilraunaeinokun einstakra ríkisstofnana.

Þetta ákvæði er mjög umhugsunarvert og upplýsandi um hve höllum fæti „ráðgjöf“ Hafró stendur.

- C) Í IV. kafla er rétt að vekja athygli á 16. gr. en hún er mjög afhjúpandi um frumvarpið sem gengur meira og minna þvert gegn markmiðum sem koma fram í 1. gr. laganna, þ.e. að nytjastofnar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Ákvæðið felur í sér að landsmönnum sé heimilt að veiða sér fisk til eigin neyslu og er það að mestu samhljóða núgildandi ákvæði en þó opnað á að hægt sé að leggja þvert bann við slíkum veiðum ef vísbendingar eru um að það sé ráðlegt.
- D) VI. kafli um vigtun sjávarafla er áhugaverður fyrir þær sakir að hann er óbreyttur frá gildandi reglum sem Ríkisendurskoðun hefur gert alvarlegar athugasemdir við, fyrst í skýrslu frá því í desember 2018 og síðan í eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar frá síðasta vori. Veigamiklar athugasemdir voru gerðar við götóttar reglur um endurvigtun sjávarafla, en ekki ber á öðru en að matvælaráðherra hafi algerlega hunsað tilmæli Ríkisendurskoðunar um að ráðist verði í grundvallarendurskoðun á forsendum og fyrirkomulagi endurvigtunar. Áfram virðist sem festa eigi í lög mismunandi aðferðir við vigtun sjávarafla, þar sem þeim stærrí í greininni er augljóslega hyglað.

Það sem vekur furðu er að í eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í maí 2023 segir að í því frumvarpi sem hér er til umræðu verði að finna breytingar sem taki á framangreindum þáttum.

- E) VII. kafli er ámælisverður, líkt og kaflinn á undan, fyrir það sem áþreifanlega er hlaupið yfir að fjalla um út frá því markmiði laganna, að um sameign sé að ræða sem

nýta beri með sem hagstæðasta móti fyrir land og þjóð. Í þessu samhengi er átt við að ekki er að finna í frumvarpsdrögunum ákvæði sem kveður á um að ef útlit er fyrir að veiðiheimild í ákveðinni nytjategund verði ekki nýtt af þeim sem hafa yfir aflaheimild að ráða á yfirstandandi fiskveiðiári, þá verði öðrum gefinn óheftur kostur á að nýta hana til þess að tryggja hagkvæma nýtingu hennar. Fjölmargar kvótabundnar fisktegundir og hryggleysingar eru svo árum saman ekki fullnýttar af þeim sem hafa yfir veiðiheimildum að ráða. Það m.a. í rækju, gulllax, blálöngu og ufsa, og mikilvægt er að hleypa öðrum að veiðum ef svo ber undir þannig að þjóðin verði ekki af útflutningsverðmætum.

F) VIII. kafli vinnur augljóslega gegn hagsmunum almennings. Kaflinn boðar að einstaka útgerð geti aukið verulega við sig í veiðiheimildum samhliða því að frumvarpið gerir áfram ráð fyrir tvöfaldri verðlagningu á fiski, þ.e. að annars vegar sé gert upp á raunvirði á markaði og hins vegar Verðlagsstofuverði sem er alla jafna langt undir markaðsvirði.

- a) Með þessum breytingum, ásamt öðrum þáttum í frumvarpinu, s.s. breytingu á byggðakvótum, eru stjórnvöld að færa veiðarnar í auknum mæli til togara og frá dagróðrabátum. Nýjar rannsóknir sem fjallað var m.a. um á málstofu hjá Hafró þann 20. nóvember sl. sýna að krókabátar skila mun verðmætari afla á land en togarar.
- b) Breytingar fela í sér að minna berst á fiskmarkaði sem leiðir til þess að þrengra verður um hráefni fyrir innlenda matvælavinnslu og fiskbúðir. Það er bagalegt þar sem sjálfstæðar fiskvinnslur hafa gjarnan rutt braut í nýsköpun og markaðssókn þrátt fyrir gríðarlegt og ósanngjarnt samkeppnisforskot stóru kvótaþeganna.
- c) Minna magn sem berst á fiskmarkaði og stærri hluti sem seldur er til fiskvinnslu í beinum viðskiptum leiðir af sér lægri laun til sjómanna og lægri hafnargjalda, sem aftur leiðir til þess að ríkissjóður verður af tekjum. Með því að fara þveröfuga leið, þ.e. að aðskilja veiðar og vinnslu, má búast við að minna svigrúm verði fyrir kvótahafana til að skilja eftir drjúgan hluta af útflutningsverðmætum í gervisölufélögum í skattaskjólum eins og brögð hafa verið að.
- d) Með því að auka svigrúm þeirra stóru í greininni enn frekar má færa rök fyrir því að verið sé að færa þeim enn betri tök á stjórnálagnum og stjórnkerfinu og þykir þó þjóðinni nóg um. Það sést berlega á þessu frumvarpi að einkum er verið að tryggja tök þessa fámenna hóps á kostnað þorra almennings.

Lokaorð

Frumvarpsdrögin sem matvælaráðherra leggur hér fram eru sorglegur vitnisburður um svik ráðherra, ekki aðeins við eigin kjósendur heldur ekki síður við íslensku þjóðina. Með frumvarpinu er hún að klæða óbreytt kerfi sem þjónar örfáum auðmönnum í græna treyju með ómerkilegum orðavaðli.

Sigurjón Þórðarson, líffræðingur og varapingmaður Flokks fólksins

Skagfirðingabraut 13, Sauðárkróki.

